



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Ólafur Helgi Árnason  
Strandgötu 8-10  
220 HAFNARFIRÐI

## UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566  
postur@umhverfisraduneyti.is  
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 20. júlí 2009  
Tilv.: UMH09060032/52-0

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 3. f.m. um þynningarsvæði Álversins í Straumsvík og hvaða starfsemi rúmist innan þess.

/. Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir álver, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og hefur eftirlit með starfseminni. Ráðuneytið leitaði upplýsinga Umhverfisstofnunar um hvaða starfsemi rúmist innan þynningarsvæðis álvera og fylgir hér með svar stofnunarinnar frá 13. þ.m.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir

  
Kristín Rannveig Snorradóttir

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	22.7.2009
Málsnr:	0906025
Bréfal:	624

Umhverfisráðuneyti  
Kristín Rannveig Snorradóttir,  
lögfræðingur  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ	
UMH	09060032
Mál:	16. JÚLÍ 2009
Brl.:	52-0 Ab: KRS



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. júlí 2009  
Tilvísun: UST20090700032/si

### Starfsleyfi á þynningarsvæði áversins í Straumsvík.

Umhverfisráðuneytið hefur óskað eftir því með bréfi dags. 2. júlí s.l. (tilv. UMH09060032/52-0) að Umhverfisstofnun veiti ráðuneytinu umsögn um hvað stofnunin telur að sé heimilt innan þynningarsvæðis áversins í Straumsvík og þá sérstaklega hvaða starfsemi-sé heimil innan svæðisins.

Í fyrsta lagi er í 23. grein reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti, lagt bann við sbúðarhúsnæði á þynningarsvæðum.

Pá bendir Umhverfisstofnun á að stofnunin hefur áður gefið út álit um þær takmarkanir á nýtingu svæðis sem leiðir af því að svæði sé lagt undir þynningarsvæði fyrir áver. Þetta gerði stofnunin í álti sínu um mat á umhverfisáhrifum vegna byggingar og reksturs ávers Norðuráls Helguvík í samræmi við 10. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Álit þetta er dagsett 22. júní 2007.

Í álitinu segir:


„Almennt séð miðar Umhverfisstofnun við að ekki skuli stundaður hefðbundinn landbúnaður, heynyrtar eða beit á túnum innan þynningarsvæðis stóriðju. Innan þynningarsvæðis má gera ráð fyrir því að mengunarefni í gróðri fari upp fyrir umhverfismörk og geti jafnvel verið skaðleg gróðri eða dýrum. Frá þessari viðmiðun má falla í sérstökum, vel tilgreindum atriðum enda sé virkt eftirlit með ástandi lífríkis, til hvaða nytja landið er nýtt og ástandi dýra sem á landinu lifa, eða á afurðum þess.“

Einnig er í álitinu sérstaklega fjallað um iðnstarfsemi:


„Ekki eru settar takmarkanir á iðnstarfsemi innan þynningarsvæðis, að öðru leyti en því er varðar matvælaframleiðslu. Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við slíka uppbyggingu á tilgreindu svæði.“

Engin breyting hefur orðið á fyrra álti stofnunarinnar hvað varðar leyfi til starfsemi innan þynningarsvæða álvera.

Virðingarfyllst



Sigurður Ingason



Kristín L Árnadóttir